

Stofnanasamningur
Fiskistofu annars vegar og aðildarféлага samflots BHM, Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags
Tæknifræðinga hins vegar samkvæmt 11. kafla kjarasamnings stéttarfélaganna og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 28. febrúar 2005.

1. Gildissvið

Samningur þessi gildir um félagsmenn aðildarféлага samflots BHM, Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðinga sem ráðnir eru til starfa hjá Fiskistofu. Samningurinn er hluti samkomulags félaganna og fjármálaráðherra, dags. 28. febrúar 2005, sbr. 7. grein hans og tekur gildi 1. maí 2006.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamnings:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- b. að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og til aukinna afkasta,
- c. að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna,
- d. að stefnt verði að því að tekin verði upp reglubundið frammistöðumat.

3. Grunnröðun

Við röðun starfa í samræmi við ákvæði samnings þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi stöðugt verksemi með tilteknu starfsheiti. Því til viðbótar koma þættir sem ráðast af menntun þeirra einstaklinga sem gegna starfinu hverju sinni.

Auk þess hefur áhrif á grunnröðun hvort viðkomandi starfsmaður er staðgengill yfirmanns.

Störfum skal ráðað eftirfarandi í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu.

3.1. Starfsheiti

Sérfræðingur 1: Vinnur störf undir daglegri umsjón annarra. Starfar við verkþætti eða verkefni sem krefst faglegar hæfni og sérþekkingar.

Sérfræðingur 2: Hefur umsjón með ákveðnum verkefnum eða mörgum smærri verkþáttum og ber faglega ábyrgð á þeim.

Sérfræðingur 3: Hefur yfirumsjón með viðamiklum verkefnum eða málaflokkum og ber faglega ábyrgð á þeim. Ber ábyrgð á verksviði sínu gagnvart deildarstjóra/forstöðumanni. Tekur þátt í öflun upplýsinga og áætlanagerð.

Deildarstjóri: Hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfi starfsmanna sem undir hann heyra. Tekur þátt í stefnumótun, öflun upplýsinga og áætlanagerð í samráði við forstöðumann. Fer með yfirstjórn þeirra verkþátta er falla undir deildina, ber faglega ábyrgð á starfsemi deildarinnar og gætir þess að markmiðum stofnunar sé framfylgt.

Forstöðumaður: Hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfi starfsmanna sem undir hann heyra. Tekur þátt stefnumótun og sér um skipulagningu sviðsins og samhæfingu við meginmarkmið og árangursstjórnun Fiskistofu. Ber ábyrgð á starfsemi sviðsins og sér um samskipti Fiskistofu á sínu sviði við aðrar stofnanir og samtök innanlands og utan.

Sérfræðingum er heimilt að nota fagheiti sitt (lögfræðingur, verkfræðingur, viðskiptafræðingur o.s.frv.), óski þeir þess.

3.2. Grunnröðun í nýju launakerfi

Störf raðast að lágmarki með eftirfarandi hætti.

- Sérfræðingur 1 grunnraðast í launaflokk 4.
- Sérfræðingur 2 grunnraðast í launaflokk 8.
- Sérfræðingur 3 grunnraðast í launaflokk 10.
- Deildarstjóri grunnraðast í launaflokk 12.
- Forstöðumaður grunnraðast í launaflokk 14.

Staðgengill yfirmanns raðast a.m.k. í launaflokki ofar en ella.

4. Mat á einstökum þáttum

4.1. Menntun

Grunnröðun starfa er miðuð við háskólanám sem lokið er með viðurkenndri B.Sc. prófgráðu.

Starfsmenn með 120 eininga háskólagráðu (fjögurra ára háskólanám) skulu raðast 1 launaflokki hærra en ella

Starfsmenn með meistaraþróf eða sambærilega gráðu, t.a.m. embættisþróf í lögum frá HÍ, skulu raðast 2 launaflokki hærra en ella.

Starfsmenn með doktorsþróf eða sambærilega gráðu skulu raðast 3 launaflokkum hærra en ella.

4.2. Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna

Við röðun einstakra starfsmanna innan launaflokka skal m.a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- starfsreynsla
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sinnir fræðilegum athugunum á starfssviði stofnunarinnar t.d. með birtingu vísindalegra athugana
- starfsmaður getur sinnt starfi á fleiri en einu verkswiði innan Fiskistofu
- starfsmaður er áhugasamur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- starfsmaður hefur lokið viðbótareiningum í háskólanámi
- starfsmaður aflar sér símenntunar
- starfsmaður sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum
- starfsmaður hefur réttindi sem nýtast í starfi

4.3. Mat á einstökum störfum

Við röðun einstakra starfsmanna innan launaflokka skal m.a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið er umfangsmikið
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.

5. Endurmat starfskjara

Endurskoðun starfskjara sbr. 3. og 4. grein skal fara fram a.m.k. árlega.

6. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum hafi ekki verið rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar, skv. 11 grein kjarasamninga

7. Tímabundin vik frá verkswiði

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang, ábyrgð eða vinnuálag en reglubundið verkswið gerir, skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Verkefni þessi skulu vera vel skilgreind og samþykkt af Fiskistofustjóra. Greitt skal samkvæmt því aukna umfangi, ábyrgð og vinnuálagi sem verkefnið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur.




Handwritten signatures and initials, including what appears to be 'G.A.' and 'FMA'.

8. Endurskoðun


Endurskoða skal samninginn fyrir 1. apríl 2007 með tilliti til reynslu og þróunar sbr. fylgiskjöl með kjarasamningum. Verði breyting á starfsemi stofnunar, eða meginverkefnum hennar, skal gerð nauðsynleg endurskoðun á honum.

Reykjavík, 23. mars 2006


F.h. Fiskastofu,



Þórour Asgeirsson




Gylfi Aðbjartsson




Fjóla María Agústsdóttir


F.h. stéttarfélaganna,



Gísli Rúnar Gíslason



Kariíta M. Jónsdóttir



Garðar Sverrisson


Viðauki við stofnanasamning milli Fiskistofu og aðildarféлага samflots BHM, Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags tæknifræðinga sem gerður var þann 23. mars 2006.


Viðauki þessi tekur til allra þeirra starfsmanna Fiskistofu sem taka laun samkvæmt ofangreindum stofnanasamningi.

Samkvæmt samkomulagi í samstarfsnefnd skal sú 2,6% hækkun sem kveðið er á um að koma skuli til framkvæmdar þann 1. maí 2007, skv. kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og viðkomandi stéttarféлага, skiptast jafnt milli ofangreindra starfsmanna með þeim hætti að hver og einn starfsmaður verði hækkaður um eitt álagsþrep.


Reykjavík, 25. apríl 2007


F.h. Fiskistofu:


Þórður Asgeirsson


Gylfi Ástbjartsson

F.h. stéttarfélaganna:


Gísli Rúnar Gíslason


Garðar Sverrisson